

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um stöðu opinberra lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er ógreidd heildarskuldbinding ríkisins annars vegar og hins vegar sveitarfélaga samtals vegna opinberra lífeyrissjóða, þ.e. B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og lífeyrissjóða sveitarfélaga í árslok 2013? Miðað skal við réttindi sem sjóðfélagar eiga og munu eignast með greiðslu iðgjalda, þ.e. framreiknuð réttindi.
2. Hverjar eru væntanlegar greiðslur ríkis og sveitarfélaga til opinberra lífeyrissjóða ár fyrir ár 2015–2071 vegna annars vegar hækkunar lífeyris vegna hækkunar launa og hins vegar ábyrgðar launagreiðenda á greiðslum sjóðanna? Svar óskast sundurliðað eftir ríki annars vegar og sveitarfélögum hins vegar.
3. Hvað hækkar skuldbinding vegna áunninna réttinda sjóðsfélaga mikið vegna iðgjaldagreiðslna til B-deildar LSR árið 2016 og síðar miðað við að iðgjaldagreiðslum yrði hætt 1. janúar 2016?
4. Hversu stórt hlutfall af tekjum ríkissjóðs af sköttum á tekjur einstaklinga eru greiðslur ríkisins skv. 2. tölul. og hversu stórt hlutfall af tekjum sveitarfélaga af útsvari eru greiðslur sveitarfélaga hvert ár að óbreyttum lögum um tekjuskatt og útsvar og miðað við spár um mannfjölda?
5. Hefur ráðuneytið gripið til ráðstafana til að mæta fyrrgreindum skuldbindingum skv. 2. tölul. og er ráðuneytinu kunnugt um að sveitarfélög hafi gert áætlanir til að mæta skuldbindingum sínum?

Skriflegt svar óskast.